



Til bæjarráðs

Kópavogi, 7. apríl 2025
25031723/103.03 ABS

Efni: Reglur um tekjutengda afslætti af dvalargjöldum leikskóla

Lagt er til að tekjuviðmiðum vegna tekjutengdra afslátta af dvalargjöldum í leikskóla verði breytt frá 1. maí nk. Lagt er til að ný tekjuviðmið frá 1. maí nk. verði í samræmi við neðangreinda töflu og verði birt í gjaldskrá leikskóla.

Einnig er lagt til að framvegis taki tekjuviðmið breytingum ársfjórðungslega, samhliða breytingum á leikskólagjöldum, og að tekjuviðmið fylgi þróun launavísitölu.

Jafnframt er lagt til að samþykktar verði breytingar á reglum um tekjutengda afslætti í ljósi framangreindra breytinga.

Reglur um tekjutengda afslætti af dvalargjöldum í leikskóla eru lagðar fram samhliða.

Einstæðir:		Í sambúð:	
Tekjuviðmið	Afsláttur	Tekjuviðmið	Afsláttur
0 - 502.218 kr.	50%	0 - 720.574 kr.	50%
502.219 kr. - 818.834 kr.	40%	720.575 kr. - 1.069.944 kr.	40%
818.836 kr. - 862.506 kr.	30%	1.069.945 kr. - 1.113.615 kr.	30%
862.507 kr. - 906.177 kr.	20%	1.113.616 kr. - 1.157.286 kr.	20%
906.178 kr. - 949.848 kr.	10%	1.157.287 kr. - 1.200.957 kr.	10%

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

